

# Frumvarp til laga

um

**breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909 um breyting á lögum um stofnun  
Landsbanka 18. sept. 1885 m. m.**

(Lagt fyrir aðþingi 1915).

---

1. gr.

1. gr. 1. og 2. málsg. orðist svo:

Stjórn Landsbankans skipa 3 bankastjórar, og skipar ráðherra þá.  
Skal 1 þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta  
þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá, einum eða fleirum, um stund-  
arsakir, er honum þykir nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir  
eru, enda geri hann þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar bókara og fjehirðir bankans og vikur þeim frá, hvort-tveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar banka-stjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Meiri hluti bankastjórnar skal undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja vixla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi rit-að undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær sjeu athugaðar. Fje-hirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki meiri hluta bankastjórnar.

Verði ágreiningur milli bankastjóra um eitthvert mál, er bankann varð-ar, ræður meiri hluti.

4. gr.

5. gr. 1. setning orðist svo:

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

---

#### A t h u g a s e m d i r.

Á alþingi 1909 bar meiri hluti peningamálanefndar þeirrar, er þá var skipuð í neðri deild, upp frv. til breytinga á lögum um stofnun Landsbanka frá 18. sept. 1885. Var í frv. þessu stungið upp á því, að sú skipun, að hvor deild alþingis veldi sinn gæslustjóra, yrði lögð niður, en í stað þess veldi sam-einað alþingi lögfræðislegan ráðunaut, er hafði að sumu leyti minni rjettindi en bankastjórnarnir tveir, er settir skyldu samkvæmt þessu frv. til þess að stýra bankanum. En svo fóru þó leikar á þingi 1909, að efrideild taldi rjettast að láta hina gömlu skipan um gæslustjórana þingkosnu haldast. Er því sú skip-un á stjórn bankans nú, að tveir forstjórar skipaðir af ráðherra, standa fyrir honum og tveir gæslustjórar, kosnir sinn af hverri deild alþingis. Af þessu skipulagi leiðir, að í stjórn bankans þarf enginn lögtróður maður að vera, og hefir eigi heldur neinn verið nú um hríð. Þetta verður stjórnin að telja mjög varhugavert, því að stjórn banka hljóta daglega eða nær því að berast að

höndum málefni, er vart er ætlandi ólögfróðum mönnum að leysa úr enda of ábyrgðarmikið fyrir þá að gera það uppá eindæmi sitt. Auk þess er gæslustjórafyrirkomulagið, sem nú er, óheppilegt. Þingdeildirnar skipa stöðurnar, og má búast við því, að stundum geti annað ráðið um skipun þeirra en það eitt, hversu hæfir mennirnir eru til starfans. Ennfremur eru gæslustjórnir svo lágt launaðir, að eigi verður með sanngirni heimtað af þeim nema lítið starf í þarfir bankans.

Af þessum ástæðum og með tilliti til þess, að störf bankans fara vaxandi og velta hans eykst, þykir stjórninni rjett að leggja frv. það, er hjer greinir, fyrir þingið.